

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á blómum, trjám o.fl.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra tollkvótum samkvæmt viðaukum III B og IV B við tollalög nr. 88/2005, með síðari breytingum í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Tollskrárnúmer	Vara	Tímabil	Vörumagn		Magntollur
			stk.	%	
					kr./stk.
0602.2000	Tré, runnar og búskar, einnig ágrætt sem ber æta ávexti eða hnetur.	01.01.-31.12.12	ótilgr.	30	0
0602.3000	Alparósir og glóðarrósir, einnig ágræddar	01.01.-31.12.12	ótilgr.	30	0
	Rósir, einnig ágræddar:				
0602.4010	Í smásöluumbúðum	01.01.-31.12.12	ótilgr.	30	0
0602.4090	Aðrar	01.01.-31.12.12	ótilgr.	30	0
0602.9030	Matjurta- og jarðarberjaplöntur	01.01.-31.12.12	ótilgr.	30	0
	Annað: Útiplöntur: - Tré, runnar og búskar:				
0602.9041	Skógartré	01.01.-31.12.12	ótilgr.	30	0
	Annað:				
0602.9045	Græðlingar með rót og unglöntur	01.01.-31.12.12	ótilgr.	30	0
0602.9049	Annars	01.01.-31.12.12	ótilgr.	30	0
	Aðrar útiplöntur:	01.01.-31.12.12			
0602.9051	Fjölærar jurtkenndar plöntur	01.01.-31.12.12	ótilgr.	30	0
	Græðlingar með rót og unglöntur, þó ekki kaktusar:				
0602.9071	Til framhaldsræktunar í garðyrkjustöðvum í a.m.k. tvo mánuði:	01.01.-31.12.12	ótilgr.	30	0
0602.9079	Annars	01.01.-31.12.12	ótilgr.	30	0
	Blómstrandí plöntur með knúppum eða blómum, þó ekki kaktusar:				
0602.9091	Pottaplöntur til og með 1 metri á hæð, þó ekki þykkblöðungar og plöntur af ættkvíslinni Bromilea og plönturnar Erica Gracilis og Calluna	01.01.-30.06.12	2.200	30	0
0602.9091	Pottaplöntur til og með 1 metri á hæð, þó ekki þykkblöðungar og plöntur af ættkvíslinni Bromilea og plönturnar Erica Gracilis og Calluna	01.07.-31.12.12	1.650	30	0
0602.9092	Aðrar	01.01.-31.12.12	ótilgr.	30	0
	Aðrar:				
0602.9093	Pottaplöntur til og með 1 metri á hæð, þó ekki kaktusar og þykkblöðungar og plöntur af ættkvíslinni Bromilea og plönturnar Erica Gracilis og Calluna	01.01.-30.06.12	3.000	30	0

0602.9093	Pottaplöntur til og með 1 metri á hæð, þó ekki þykkblöðungar og plöntur af ættkvíslinni Bromilea og plönturnar Erica Gracilis og Calluna	01.07.-31.12.12	2.160	30	0
0602.9099	Annars	01.01.-31.12.12		30	0
	<i>Lifandi:</i>				
0603.1100	Rósir	01.01.-30.06.12	2.000	30	0
0603.1202	Innflutningur á öðrum tíma (nellikur)	01.05.-30.11.12	ótilgr.	0	48
0603.1300	Brönugrös (orchids)	01.01.-31.12.12	ótilgr.	30	0
0603.1400	Tryggðablóm (Chrysanthemums)	01.01.-30.06.12	9.000	30	0
0603.1400	Tryggðablóm (Chrysanthemums)	01.07.- 31.12.12	6.500	30	0
0603.1901	Ættkvíslirnar Protea, Banksia, Leucadendron og Brunia	01.01.-31.12.12	ótilgr.	30	0
0603.1902	Afskornar greinar með berjum og ávöxtum, óætum af ættkvíslunum: Ligustrum, Callicarpa, Gossypium, Hypericum, Ilex og Symphoricarpos	01.01.-31.12.12	ótilgr.	30	0
0603.1903	Forsythia (páskagreinar)	01.01.-31.12.12	ótilgr.	30	0
0603.1905	Innflutningur á öðrum tíma (01.05-30.11.) (lokaskegg, flamingóblóm, fuglamjólk og paradísarfuglablóm.)	01.05.-30.11.12	ótilgr.	0	48
0603.1909	Annars (afskorin blóm)	01.01.-30.06.12	166.250	30	0
0603.1909	Annars (afskorin blóm)	01.07.- 31.12.12	118.750	30	0
	<i>Annað:</i>				
0604.9101	Jólatré, án rótar	01.01.-31.12.12	ótilgr.	30	0
0604.9102	Jólatrésgreinar	01.01.-31.12.12	ótilgr.	30	0
0604.9109	Annað	01.01.-31.12.12	ótilgr.	30	0
0604.9900	Annars	01.01.-31.12.12	ótilgr.	30	0

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollskrárnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil. Fyrir þau tollskrárnúmer sem vörumagn er tilgreint gildir tiltekinn verð- og/eða magntollur samkvæmt útgefnum tollkvótum.

3. gr.

Tollkvótum er úthlutað samkvæmt auglýsingu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins sem birt er á heimasíðu þess, þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar.

Heimilt er að úthluta tollkvótum í einu lagi eða skipta úthlutun niður á gildistíma reglugerðarinnar. Við úthlutun á tollkvótum sem fellur undir tollskrárnúmer þar sem vörumagn er tilgreint skal auglýsa eftir umsóknum um tollkvóta.

4. gr.

Verði umsóknir um tollkvóta í þeim tollskrárnúmerum þar sem magn er tilgreint meiri en það magn sem auglýst er skal leita tilboða í tollkvóta. Tilboð skulu ráða úthlutun. Til þess að tilboð teljist gilt skal því fylgja ábyrgðaryfirlýsing banka, sparisjóðs eða váttryggingafélags þar sem fram kemur að viðkomandi ábyrgðarveitandi tryggi að tilboðsgjafi geti staðið við tilboð sitt.

Tilboðsgjafi sá er hæst býður skal leysa til sín úthlutaðan tollkvóta með greiðslu andvirðis hans innan sjö daga frá dagsetningu tilkynningar um niðurstöðu útboðs.

Úthlutun er ekki framseljanleg.

5. gr.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði reglugerðar nr. 189/1990, um innflutning og útflutning á plöntum og plöntuafurðum.

6. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 65. gr. og 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti sakamála.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 65. gr. og 65. gr. A laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi og gildir til og með 31. desember 2012.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 30. nóvember 2011.

Jón Bjarnason.

Ása Þórhildur Þórðardóttir.

B-deild – Útgáfud.: 5. desember 2011